

Alþingi  
Erindi nr. P 130/555  
komudagur 5.12.2003

## Hollvinir Ríkisútvarpsins

Menntamálanefnd Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
Alþingi,  
Reykjavík.

Reykjavík 5. des. 2003

Stjórn samtakanna Hollvinir Ríkisútvarpsins hefur fjallað um tillögu til þingsályktunar um rekstur Ríkisútvarpsins frá Frjálslynda flokknum, (þskj. 17 – 17. mál á 130. löggjafarþingi, 2003-2004).

Stjórn samtakanna styður þingsályktunartillöguna sjálfa, þar sem Alþingi ályktar að kjósa nefnd, skipaða fulltrúum allra þingflokka, til að semja frumvarp um breyttan rekstur Ríkisútvarpsins – osfrv. Stjórn Hollvina Ríkisútvarpsins telur æskilegt, ekki síst vegna sviptinga á fjölmiðlamarkaði um þessar mundir, að slík þverpólitísk nefnd kanni möguleika á breyttum rekstri Ríkisútvarpsins og leggi fram frumvarp þar að lútandi.

Stjórnin hefur lesið gaumgæfilega greinargerðina sem fylgir þál.tillögunni og gerir ekki athugasemdir við staflíði a, b og c.

Varðandi staflíð d, þá vill stjórnin ekki taka afstöðu til þess hvort Ríkisútvarpið verði “fjármagnað að fullu á fjárlögum”, eins og segir þar, vegna þess að innan samtakanna eru skipar skoðanir um rekstrarform og fjármögnunarleiðir.

Við staflíði e, f, g, h, i gerum við ekki neinar athugasemdir.

Varðandi staflíð j vilja samtökin benda á að æskilegt væri að þar bættist við setning þess efnis, að sú krafa verði gerð til þeirra sem hljóta setu í hinni fyrirhuguðu útvarps-akademíu, að þeir hafi staðgóða þekkingu á starfi fjölmiðla.

Staðliður k. Þar er fjallað um ráðningu útvarpsstjóra o.fl. Við tökum ekki afstöðu til þeirra hugmynda, sem þar koma fram, og gerum ekki heldur athugasemdir við þær.

Varðandi staflíð l, þá gildir það sama og um staflíð d, að samtökin vilja ekki taka afgerandi afstöðu til ítarlegra hugmynda s.s. varðandi tekjustofna, af framangreindri ástæðu (þ.e. skoðanir eru skiptar um þetta atriði meðal félagsmanna).

Við tökum heils hugar undir þau orð, að Ríkisútvarpið sé „viðurkennd stoð íslenskrar tungu og menningar“. Við teljum, að í þingsályktunartillögunni mætti leggja enn þyngrri áherslu á sérstöðu okkar Íslendinga: Dverghjóð, með örsmátt málsamfélag, má ekki með neinu móti missa þá stoð sem traust og menningarlegt ríkisútvarp er. Að þessu leyti erum við í allt annarri stöðu en allar aðrar þjóð í heiminum. Af því við erum jafn lítil og raun ber vitni höfum við jafnvel enn meiri þörf fyrir öflugan þjóðarfjölmiðil heldur en stærri þjóðir. Hér á landi verður framleiðsla vandaðs fjölmiðla- og menningarefnis ómögulega borin uppi af örlitlum markaði og þeim mun mikilvægara að við með hjálp sameiginlegra sjóða sjáum okkur fyrir þessari nauðsyn.

Fyrir hönd stjórnar samtakanna Hollvinir Ríkisútvarpsins,

---

Margrét K. Sverrisdóttir, formaður.